

Miðvikudaginn 9. maí 1951.

Kærumálið nr. 8/1951.

Eiður Thorarensen

gegn

**Halldóri Kristinssyni f. h. Þóris Halldórs-
sonar.**

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Frestur veittur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. apríl s. l., er hingað barst 25. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 4. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð fógætaréttar Siglufjarðar, uppkveðinn 4. apríl s.l., þar sem sóknaraðilja var veittur vikufrestur til andsvara í útburðarmáli varnaraðilja á hendur honum, en sóknaraðili hafði æskt 14 daga frests. Kveðst sóknaraðili kæra úrskurðinn í því skyni, að honum verði veittur 14 daga frestur eins og hann hafði farið fram á.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð í málinu, og ekki hafa Hæstarétti borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Með því að varnaraðili hefur ekki borið fram málskostnaðarkröfu, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætadóms Siglufjarðar 4. apríl 1951.

Í máli þessu hefur Halldór héraðslæknir Kristinsson f. h. Þóris Halldórs-sonar krafizt þess, að Eiður Thorarensen verði borinn út úr íbúð þeirri, er hann hefur haft á leigu í húsi Þóris, Túngötu 11 hér í bænum. Er beiðni þessi reist á vanskilum gerðarþola um greiðslu húsaleigu allt frá 1. október 1950 að sögn gerðarbeiðanda.

Er mál þetta var þingfest í gær, óskaði gerðarþoli að fá 14 daga frest til greinargerðar og gat þess jafnframt, að í þessari viku væri væntan-

legur hingað til bæjarins lögfræðingur, er fara myndi með mál þetta af sinni hálfu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælti því, að nokkur frestur yrði veittur gerðarpola, og var atriðið því tekið til úrskurðar.

Þegar þess er gætt, að mál eru yfirleitt þingfest í fógatarétti, án þess að gerðarþoli hafi áður tíma til undirbúnings, er jafngildi t. d. stefnufresti, þykir rétt í þessu máli að vísan til 2. mgr. 105. gr. laga nr. 85 frá 1936 að veita gerðarpola nokkurn frest til andsvara, og þykir sá frestur hæfilega ákveðinn 1 vika. Verður mál þetta því næst tekið fyrir þriðjudaginn 10. þ. m., kl. 18, í skrifstofu fógeta.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Gerðarpola er veittur frestur til greinargerðar til 10. þ. m., kl. 18.

Föstudaginn 11. maí 1951.

Kærumálið nr. 9/1951.

Guðmundur Kristjánsson

gegn

Péttri Jakobssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 14. f. m., sem hingað barst 27. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 3. málsgrein 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 11. f. m., þar sem hrundið var frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi, að því er varðar kr. 1400.00 af kröfu varnaraðilja og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.